

Foreldrar bera ábyrgð á börnum sínum til 18 ára aldurs.

Börn eru börn til 18 ára. Það er hlutverk foreldra /umönnunaraðila þeirra að gæta að velferð þeirra þar til þau ná þessum aldri. Að gæta að velferð barna sinna getur þýtt margt. Fyrstu árin reynir mest á að gæta þeirra þannig að þau fari sér ekki að voða. Að veita þeim ást, umhyggju og örvun eru viðvarandi nauðsynlegir uppeldisþættir ef barn á að eiga þess kost að þroskast eðlilega og geta nýtt styrkleika sína til fulls. Þegar börnin stálpast og nálgast unglingsárin koma æ sterkar inn uppeldisþættir í formi fræðslu og leiðbeiningar til að unglíngarnir læri að veга og meta aðstæður eigi þeir að geta varist ytri vá af hvers kyns tagi.

Áhrifagirnir og hvatvísi er meðal algengustu einkenna unglingsáranna. Leit að lífstíl og samneyti við vini er það sem skiptir börn á þessum aldri hvað mestu máli. Það er einmitt þess vegna sem foreldrar þurfa að vera sérstaklega meðvituð um leiðbeiningarþátt uppeldisins og að geta sett börnum sínum viðeigandi mörk. Stundum þurfa foreldrar einfaldlega að segja **NEI**. Þetta á við sé barnið þeirra að fara fram á að fá að gera hluti sem foreldrar telja annað hvort óviðeigandi ef tekið er mið af ungum aldri þeirra eða ef þau telja að það sem barnið biður um að gera geti hugsanlega valdið þeim andlegum, líkamlegum eða félagslegum skaða til lengri eða skemmri tíma. Undir þetta falla þættir eins og að gæta þess að unglíngarnir þeirra taki ekki þátt í álagsmiklum félagslegum uppákomum, aðstæðum sem auðveldlega geta orðið óhörðnuðum og óreyndum unglíngum ofviða og jafnvel skaðlegar.

Mörgum foreldrum finnst afar erfitt að banna barni sínu að gera eitthvað sem þau sækja fast og sérstaklega ef þau fullyrða að jafnaldrar þeirra hafi fengið leyfi sinna foreldra. Eins og gengur og gerist hjá kraftmiklum og klárum unglíngum neyta þau gjarnan ýmissa bragða til að fá foreldra sína til að gefa eftir. „**Þið eruð leiðinlegustu foreldrar í heimi**“ glymur endrum og sinnum á heimili unglíngs. Mörgum foreldrum finnst mjög erfitt að heyra slíka athugasemd frá barni sínu. Sektarkenndin á það til að flæða um og áður en þau átta sig jafnvel, hafa þau gefið eftir.

Ef foreldrar eiga í einhverjum vafa um hvar mörkin liggja milli þess að **leyfa, semja við** eða hreinlega **banna** börnum sínum eitthvað, ættu þeir að leita sér ráðgjafar. Umfram allt mega foreldrar ekki missa sjónar af þeirri staðreynd að það eru þeir sem ráða þegar upp er staðið og að þeir bera að fullu ábyrgðina á barni sínu þar til það hefur náð sjálfræðisaldri.